

11. desember 1968.

467

Nr. 305

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29, 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerðir eftir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsingu ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

59. Nefnd Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, en aðild að nefndinni eiga: Verzlunarmannafélag Akraness, Borgarness, Snæfellinga, V.-Barðastrandarsýslu, Bolungarvíkur, Ísafjarðar, Húnavetninga, N.-Þingeyjarsýslu, Reyðarfjarðar og Egilsstaðahrepps, V.-Skaftfellinga, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyja, Árnes-sýslu og Hafnarfjarðar. Aðsetur nefndarinnar er í Reykjavík. Staðfest 10. des. 1968.
60. Nefnd Verzlunarmannafélags Suðurnesja. Aðsetur nefndarinnar er í Keflavík. Staðfest 10. des. 1968.
61. Nefnd Verkamannafélags Borgarfjarðar (eystra). Aðsetur: Borgarfjörður, N.-Múl. Staðfest 10. des. 1968.
62. Nefnd Trésmiðafélags Akureyrar, Múrarafélags Akureyrar og Málarafélags Akureyrar. Aðsetur: Akureyri. Staðfest 10. des. 1968.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

16. desember 1968.

Nr. 306.

AUGLÝSING

um umferð í Skútustaðastaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt heimild í 50. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð í Skútustaðahreppi:

1. Á Mývatnssveitarvegi nyrðri, við Reykjahlíð. Hámarkshraði 45. km á klst. Reglur þessar gilda frá stað 200 m norðan við heimkeyrslu að Hótel Reynihlíð að stað 40 m norðan við aðalvegamót sunnan útibús Kaupfélags Þingeyinga. Framangreindur vegarkafli skal jafnframt vera aðalbraut.

B 58

2. Á Norðurlandsvegi, við Skútustaði og Álftagerði. Hámarkshraði 45 km á klst. Reglur þessar gilda frá stað 200 m norðan við ræsi austan Skútustaða að stað 200 m vestan við vestasta íbúðarhús sunnan vegar í Álftagerði.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. desember 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Fjórði töluliður B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 75% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, er fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. desember 1968.

Magnús Jónsson.

Ólafur Stefánsson.

AUGLÝSING

um styrki samkvæmt lögum um fávítastofnanir.

Samkvæmt 5. gr. laga um fávítastofnanir nr. 53/1967 hefur styrkur á hvern dvalardag árið 1969 verið ákveðinn sem hér segir:

| | |
|------------------------------------------------------------------|------------|
| Fávítahæli ríkisins, Kópavogi | kr. 440.00 |
| Barnaheimili templara, fávítahæli, Skálatúni | — 375.00 |
| Barnaheimilið Sólheimar, fávítahæli, Hverakoti, Árnassýslu | — 325.00 |
| Barnaheimilið Tjaldanes, fávítahæli, Mosfellshreppi | — 325.00 |
| Dagheimili Styrktarfélagis vangefinna, Lyngás, Reykjavík | — 260.00 |

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.